

Hálshnykkur:

Valda lághraðaárekstrar varanlegu líkamstjóni?

Læknisfræðileg, lögfræðileg og verkfræðileg nálgun - ráðstefna í Háskólabíói 13. júní frá kl 08:30-15:30

Hálshnykkir eru meðal algengustu áverka á fólki í umferðarslysum. Það er auðvelt að skýra og skilja slíka áverka þegar áreksturinn er sérstaklega harður og tjón mikið á bifreiðum og tækjum. Það er hins vegar vel þekkt staðreynd að mikill fjöldi fólks leitar aðstoðar eftir árekstra þar sem hraðinn er lítill og ummerki um áreksturinn er nánast hverfandi. Þessir hálshnykksáverkar eftir slíka lágorkuáverka eru þess vegna í eðli sínu merkilegir. Efnid hefur augljósa læknisfræðilega þýðingu, bæði vegna greiningar, til meðferðar og við mat á horfum fyrir sjúklinginn. Þá hefur þetta verkfræðileg sjónarhorn sem felast í því hvernig samspil hraða og orku við áreksturinn getur borist í gegnum ökutækid í einstaklinginn sem fyrir verður. Þetta er ekki síst vegna lítills grunnhraða en ekki síður vegna eiginleika bifreiða við að gleypa orkuna í gegnum árekstrarvarnir bifreiðarinnar. Einnig eru í

þessum málum lögfræðileg álitaeftni sem lúta að ábyrgð á tjóninu og því sönnunarferli sem þarf að eiga sér stað til að sanna umfang þess tjóns sem einstaklingurinn kveðst hafa orðið fyrir. Í þessu felast oft ríkir fjárhagslegir hagsmunir, bæði fyrir einstaklinginn, tryggingarfélög og samfélagid.

Byggt á þessum bakgrunni verður efnt til ráðstefnu ætlaðri öllu fagfólki sem með einum hætti eða öðrum kemur að þessum málaflokki. Hefur innlendum og erlendum fyrirlesurum verið boðið að koma og fjalla um efnid.

Prófessor Mohammed Ranavaya, læknir og lögfræðingur frá Bandaríkjunum, mun fjalla um það hvort lágorkuáverkar séu raun og veru staðreynd og hverjar séu horfur þessara einstaklinga eftir slysið og þannig hvernig meta má afleiðingar þess. Magnús Þór Jónsson prófessor við verkfræðideild Háskóla Íslands fjallar um álag á háls við

lághraðaárekstra. Ármann Gylfason dósent fjallar um tölvulíkon við útreikninga við mat á lágorkuárekstrum og prófessor Per Fink, geðlæknir við háskólann í Árósum, fjallar um það hvernig einstaklingar bregðast við eftir hálshnykk. Einn af þekktari lögfræðingum Dana, Michael S. Wiisbye, fjallar um lögfræði lágorkuhálshnykksáverka. Að lokum munu læknarnir Ragnar Jónsson, Kristinn Tómasson og Guðmundur Björnsson fjalla um birtar læknisfræðilegar greinar um efnid og reyna að svara spurningunni hvort sameiginleg sýn sé á efnid. Allar nánari upplýsingar um ráðstefnuna má fá á netfanginu whiplash2013reykjavi@gmail.com og í síma 8203363.

Ráðstefnan er haldin í samvinnu við Lögmannafélag Íslands, Verkfræðideild Háskóla Íslands og Íslenska tryggingalæknisfræðifélagid.

Að finna efni í Læknablaðinu

Á heimasíðu Læknablaðsins eru nú komnir inn rúmlega þrettán árgangar af blaðinu, og fylgirit númer 39 til 76. Á heimasíðunni er leitarhappur og inn af honum birtist tvöföld leit, annars vegar eftir efnisorði og hins vegar eftir höfundarnafni. Með því að setja gæsalappir um leitarorðið er leitinn þrengd og skilar þá afmarkaðri árangri. Nýlega var farið yfir alla leitarvélina í Hugsmiðjunni sem er vefhýsingaraðili blaðsins og sem á og rekur Eplica-kerfið sem heldur utan um efnid á netinu. Allar skráfur voru hertar og lagað eftir fremsta megni það sem hafði staðið góðri leit fyrir þrifum. Leitarvélina er sérsmíðuð fyrir blaðið og um hana gilda sérlausnir sem eru flóknar og hafa iðulega hindrað gott leitarflæði sem hefur á köflum því miður verið of stirt. Nú hefur verið lagaður bæði leitarstrengur fyrir efnisorð og fyrir höfundar, en um þau gilda ólíkar upprunarreglur. Jafnframt var farið yfir elsta efnid á heimasíðunni og gengið úr skugga um að það væri rétt skráð inn í umsýsluferfið.


Lesendur beðnir að skoða og láta vita af hnökrum.

Fyrir alla árganga blaðsins á netinu er birtur pdf af efnisskrá hvers árs, og þar geta menn uppá gamla mátann leitað að efni og sjálfum sér og öðrum í höfundaskrá.

Inni á Gegni er skráð fræðiefni úr Læknablaðinu frá árinu 1946, og hjá Hirslu Landspítalans, sem er vísinda- og fræðsluefnissafn á netinu, er varðveitt fræðiefni úr Læknablaðinu frá 1988, leiðarar og ritrýnt efni.

Sú leitarvél sem ber höfuð og herðar yfir allar aðrar hvaða nafni sem þær nefnast er Google, - og þangað er langbest og skilvirkast að snúa sér til að leita að efni, enda er sögnin að gúgla löngu komin með íslenskt ríkisfang. Leitarorðið Læknablaðið og síðan efnisorð eða heiti höfundar skilar mjög mikilli uppskeru.

Hjá Google er líka fylgst með umferð um einstakar heimasíður í netheimum, og þar kemur í ljós að stakir gestir inn á síðu



Læknablaðsins er óvenju margir í hverjum mánuði miðað við aðgerðir þar. Heimasíðan er nánast óbreytt í mánuði milli útgáfu tölublaða.

Við hjá Læknablaðinu svörum líka einfaldlega í síma blaðsins 5644104, og reynum að svara öllum fyrirspurnum um efni blaðsins fyrr og síðar af fremsta megni, og sendum pdf með greinum ef vill.

VS